

126. löggjafarþing 2000–2001.
Þskj. 661 — 406. mál.

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um framhaldsskólanám í Stykkishólmi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvers vegna hafnaði ráðherra beiðni frá heimafólki í Stykkishólmi á sl. ári um að boðið væri upp á hefðbundið nám á öðru ári framhaldsskóla við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2000–2001?
2. Mun ráðherra samþykkja og stuðla að því að bæði fyrsta og annað námsár framhaldsskóla verði starfrækt við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2001–2002?